

Mánudaginn 14. nóvember 1994.

Nr. 431/1994.

Haukur G. Gunnarsson

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

gegn

Ólafi Magnússyni

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

Kærumál. Málskostnaður. Frávísun frá Hæstarétti. Kæruheimild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 6. október 1994, sem barst Hæstarétti 25. sama mánaðar. Um kæruheimild er vísað til g-liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hann krefst þess, að úrskurði héraðsdómara verði breytt þannig, að greiðsla málskostnaðar til varnaraðila verði felld niður, en til vara, að málskostnaðarfjárhæð verði verulega lækkuð. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Dómkrafa sóknaraðila í héraði var sú, að varnaraðila yrði gert að greiða sér skuld, samtals að fjárhæð 189.390 krónur, ásamt vöxtum og málskostnaði. Málið var felld niður með samkomulagi aðila, en úrskurður gekk um kröfu varnaraðila um greiðslu málskostnaðar.

Ef dómur hefði gengið í héraði um þá kröfu, sem sóknaraðili hafði uppi í málinu, væri skilyrðum ekki fullnægt til að áfrýja þeim dómi nema með leyfi Hæstaréttar, sbr. 1. mgr. 152. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 6. gr. laga nr. 38/1994 um breyting á þeim lögum. Samkvæmt eðli máls verður þeim ákvæðum jafnframt beitt um málskot þetta, sbr. einnig 4. mgr. 150. gr. sömu laga. Ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Dæma ber sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Haukur G. Gunnarsson, greiði varnaraðila, Ólafi Magnússyni, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. september 1994.

Mál þetta höfðaði Haukur G. Gunnarsson, kt. 261252-5549, á hendur Ólafi Magnússyni, kt. 010936-3499, með stefnu, þingfestri 24. febrúar sl.

Í stefnu er þær kröfur gerðar, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld, að fjárhæð 189.390 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga af 97.882 krónum frá 1. október 1990 til 10. ágúst 1992, en af stefnufjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar.

— — —

Í þinghaldi nú í dag ítrekaði talsmaður stefnanda ósk sína um, að málið yrði fellt niður, en talsmaður stefnda krafðist ríflegs málskostnaðar, en gerði enga athugasemd við, að málið yrði fellt niður.

Af hálfu stefnda hefur verið lögð fram greinargerð og fjöldi dómskjala, þar sem leitast er við að hnekkja staðhæfingum í stefnu, sem talsmaður stefnda hefur nú lýst, að séu rangar. Við ákvörðun málskostnaðar stefnda verður að líta til þessa, og þykir hann hæfilega ákveðinn 75.000 krónur, og er þá ekki tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Mál þetta er fellt niður.

Stefnandi, Haukur G. Gunnarsson, greiði stefnda, Ólafi Magnússyni, 75.000 krónur í málskostnað.
